

STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐ

Ár 2018, 26. mars, var haldinn 75. fundur stjórnkerfis- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð og hófst kl. 13:36. Fundinn sátu, Halldór Auðar Svansson, Skúli Helgason, Eva Baldursdóttir, Eydís Blöndal, Eva Einarsdóttir, Elísabet Gísladóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Helga Björg Ragnarsdóttir og Sandra Dröfn Gylfadóttir. Fundarritari var Dagbjört Hákonardóttir.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á stöðu mála eftir hugmyndasöfnun í Hverfinu mínu.

Unnur Margrét Arnardóttir og Guðbjörg Lára Másdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 13.40 tekur Herdís Anna Þorvaldsdóttir sæti á fundinum.

2. Lögð fram drög að tillögu um framtíðarsýn hverfisráða 2021. R18030194. Samþykkt að vísa til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í stjórnkerfis- og lýðræðisráði Reykjavíkurborgar leggja til að hverfisráðin verði skipuð með þeim hætti að íbúar verði kosnir beinni kosningu í stað þess að þeir séu valdir með slembiúrtaki.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans leggja áherslu á að hugmynd um slembival geti fengið framgang í einhverju formi, enda hafa sum hverfisráðanna sýnt á því áhuga. Til að mynda væri hægt að útfæra slíkt sem tilraunaverkefni í áhugasömum hverfisráðum. Að gera skipunina að útfærsluatriði hjá hverju hverfisráði fyrir sig er til þess fallið að valdefla íbúa hverfis hverju sinni. Þá er aukinheldur tilgangur stjórnkerfis- og lýðræðisráðs að finna leiðir til að auðga lýðræðið og þátttöku fólks og þetta er ein tilraun til slíks.

3. Lögð fram til kynningar að nýju drög að kafla um barna- og ungmennalýðræði í lýðræðisstefnu Reykjavíkur, sbr. 2. lið fundargerðar stjórnkerfis- og lýðræðisráðs frá 12. mars 2018. R18010207.
4. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 20. mars 2018, þar sem tilkynnt er að Herdís Anna Þorvaldsdóttir taki sæti í stjórnkerfis- og lýðræðisráði í stað Láru Óskarsdóttur og að Elísabet Gísladóttir taki sæti Herdísar sem varamaður. R14060144.

Fundi slitið kl. 14:50

Halldór Auðar Svansson

Skúli Helgason
Eva Einarsdóttir
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Eva Baldursdóttir
Eydís Blöndal
Elísabet Gísladóttir